

Upplýsingavefur fyrir alþingiskosningarnar 2009

Upplýsingavefur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins vegna alþingiskosninganna 25. apríl næstkomandi hefur verið opnaður. Á vefnum, sem hefur slóðina www.kosning.is, er að finna fróðleik og hagnýtar upplýsingar er líta að næstu alþingiskosningum.

Upplýsingarnar nýttast almennum kjósendum, stjórnmalasamtökum og þeim sem vinna að kosningunum, t.d. varðandi kjörskrá,

utankjörfundaratkvæðagreiðslu og atkvæðagreiðslu á kjördegi. Fjallað er um lög og reglugerðir, kjósendur, framboð, framkvæmd kosninga og tölulegar upplýsingar. Þegar nær dregur kosningum verða birtar upplýsingar um framboðslista og kjörstaði. Senda má fyrirspurnir til ráðuneytisins um hvaðeina sem lýtur að framkvæmd alþingiskosninganna og ábendingar fyrir vefinn á netfangið postur@kosning.is.



Nýtt verkefni hjá sýslumanninum í Bolungarvík:

Innheimtir vanrækslugjald af óskoðuðum ökutækjum

Sýslumanninum í Bolungarvík hefur verið falin álagning og innheimta svonefnds vanrækslugjalds sem lagt skal á þau ökutæki sem ekki hafa verið færð til lögmæltrar skoðunar á réttum tíma. Þetta er gert í samræmi við nýlega reglugerð um skoðun ökutækja nr. 8/2009. Heildarfjöldi óskoðaðra ökutækja á landinu í dag er um 25.000 og reikna má með að um 10.000 bifreiðaeigendur fái tilkynningu um álagningu slíks gjalds 1. apríl næstkomandi.

Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, segir að þetta nýja verkefni hjá embættinu, sem er liður í átaki stjórnvalda til styrktar atvinnulífi á Vestfjörðum, ætti að stuðla að auknu umferðaröryggi, spara vinnu lögreglu og stuðla að aukinni virðingu fyrir gildandi reglum. „Þá má benda á að störfum á landsbyggðinni fjölga, en til að sinna þessu hafa verið ráðnir tveir starfsmenn.“ Verkefnið er unnið í náinni samvinnu við Umferðarstofu og fjársýslu.

Hinn 1. apríl nk. verður tilkynning um álagningu vanrækslugjalds send eigendum þeirra ökutækja sem hafa endastafinn 0 á skráningarkerki og færa átti til skoðunar í október 2008 og með 1 í endastaf og færa átti til skoðunar í janúar 2009. Þeir sem eru með endastafinn 2 fá svo bréf 1. maí og svo koll af kolli. Um 10.700 eigendur bifreiða með 0 og 1 í endastaf skráningarkerkis áttu eftir að færa ökutæki sín til lögmæltrar skoðunar hinn 1. mars síðastliðinn, en reikna má með að einhverjir hafi þegar brugðist við hvatningu um að færa ökutæki til skoðunar. Tveimur mánuðum



Sýslumaður og starfsfólk verkefnisins, f.v. Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Berghildur Árnadóttir og Jónas Guðmundsson.

eftir álagningu vanrækslugjaldsins hefst innheimta þess hafi ökutæki ekki verið færð til skoðunar og gjaldið greitt innan þess tíma.

Verkefnið í Bolungarvík er eitt þeirra verkefna sem sýslumenn hafa tekið að sér frá því nýskípan í starfi þeirra tók gildi 1. janúar 2007 en þá voru ýmis verkefni flutt frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum þess til sýslumanna til að efla og styrkja sýslumannsembættin utan höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er að þau verði nokkurs konar útstöð stjórnýslunnar á landsbyggðinni og hefur ráðuneytið í samvinnu við stjórn sýslumannafélagsins leitað eftir verkefnum frá öðrum ráðuneytum í þessu skyni og er verkefnið í Bolungarvík afakstur þessa starfs.

Listabókstafir stjórnmalasamtaka

Samkvæmt kosningalögum skal dómsmálaráðuneytið halda skrá um listabókstafi stjórnmalaflokka og ákveða bókstaf nýrra samtaka að fengnum óskum þeirra, með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka í undangengnum kosningum. Ef stjórnmalasamtök sem ekki hafa skráðan listabókstaf hyggjast bjóða fram lista við alþingiskosningar þá skal tilkynna það dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en kl. 12 á hádegi 11. apríl 2009.

Dómsmálaráðuneytið auglýsti 23. febrúar síðastliðinn hvaða stjórnmalaflokkar og samtök buðu fram í síðustu kosningum og eru það eftirtaldir:

- B-listi Framsóknarflokkurinn
- D-listi Sjálfstæðisflokkurinn
- F-listi Frjálslyndi flokkurinn
- I-listi Íslandshreyfingin
- S-listi Samfylkingin
- V-listi Vinstrihreyfingin – grænt framboð

Nú hafa fimm stjórnmalasamtök að auki fengið skráðan listabókstaf og fengið senda tilkynningu þar um:

- A-listi Framfaraflokkurinn
- L-listi Listi fullveldissinna
- N-listi Samtök um réttlæti
- O-listi Borgarahreyfingin
- P-listi Lýðræðishreyfingin

Óski fleiri eftir listabókstaf mun ráðuneytið auglýsa þá um leið og ákvörðun liggur fyrir. Þó að stjórnmalaflokkar eða samtök hafi fengið úthlutað listabókstaf er það ekki formleg tilkynning um framboð. Landskjörstjórn auglýsir framboðslista eigi síðar en 20. apríl 2009.

